

# STARFSLEYFI

## Bolaöldur ehf.

Landmótun með óvirkum úrgangi

við Bolaöldur,  
816 Ölfusi

kt. 610301-2740

Nafn og kt. rekstraraðila: **Bolaöldur ehf., kt. 610301-2740**

Heimilisfang: **Hellismýri 7, 800 Selfoss**

**Útgáfudagur: 23. júlí 2020**

**Gildir til: 23. júlí 2032**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemiina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Bolaöldur ehf. varðandi landmótun  
dags. 23. júlí 2020**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 23. júlí 2020



**Sigrún Guðmundsdóttir**

framkvæmdastjóri



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## Bolaöldur ehf.

Kt. 610301 2740

### fyrir landmótun við Bolaöldur í Sveitarfélaginu Ölfusi

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 884/2017 um um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir móttöku á óvirkum úrgangi til landmótunar vegna frágangs á ofangreindri námu.

Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, sbr. auglýsingu nr. 582/2000, gilda einnig um starfsemina.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

1.3 Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, skal unnið að breytingum í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin við slíkar breytingar og einnig ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á almenning eða röskun á lífríki eða umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna. Vinna skal að bættri framleiðslutækni og betri umhverfisháttum á hverjum tíma eftir því sem kostur er.

Starfsleyfi ofangreindrar námu fellur úr gildi ef framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar vegna hennar rennur út án endurnýjunar.

1.4 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Suðurlands án tafar ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða eigendaskipti verða.

1.5 Ofangreint landmótunarsvæði sem starfsleyfisskilyrði þessi taka til er sýnt á yfirlitsmynd sem fylgdi með starfsleyfisumsókn í apríl 2011. Svæðið er á samþykktu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Umrætt landmótunarsvæði var stækkað í nóvember 2017 sbr. yfirlitsmynd frá verkfræðistofunni Eflu dags. í nóvember 2017. Stækkunin sem um ræðir afmarkast af brúninni vestan aðkomuvegar á núverandi jarðvegstípp og í holuna sem myndaðist við efnistöku fyrir 20-50 árum síðan. Þetta svæði yrði notað á veturna eða þegar ekki er fært upp á efra svæði jarðvegsmóttökunnar, en leitast verður við eftir sem áður að fylla það svæði upp fyrst



samkvæmt þeim leyfum sem eru í gildi. Svæðið í heild þarf að vakta og þarf að vera þar sérstök aðgerðaráætlun verði mengunarslys vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Landmótunarsvæðið er á mörkum tveggja grunnvatnsstrauma, þ.e. Selvogsstraumi sem liggja til suðurs og Elliðaársstraumi sem liggja til norðurs. Allt neysluvatn höfuðborgarsvæðisins og nágrenni komi úr Elliðaársstraumi og neysluvatn Þorlákshafnar úr Selvogsstraumi. Þarf þess vegna að gæta sérstakrar varúðar við alla vinnu á svæðinu. Fram kemur í frummatsskýrslu frá framkvæmdaraðila að vöktun verði í borholum á svæðinu. Framkvæmdin er háð leyfi forsætisráðuneytisins til námuvinnslu innan þjóðlendu samkvæmt lögum um þjóðlendur nr. 58/1998.

- 1.6 Við efnistöku og frágang námunnar skal fylgja leiðbeiningum í leiðbeiningaritinu Námur – efnistaka og frágangur, sem gefið var út árið 2002 og uppfært á vefnum [www.namur.is](http://www.namur.is).

Vinna skal allt hráefni jafnóðum, lágmarka hættu á foki á haugsettu efni og gæta þess að athafnasvæðið sé ávallt snyrtilegt.

Ganga skal jafnóðum frá þeim hlutum efnisnámunnar sem fullnýttir eru.

- 1.7 Til landmótunar og frágangs á þeim hluta efnisnámunnar sem þegar er fullnýttur, er einungis heimilt að taka á móti og nýta endurnýtanlegan óvirkan jarðvegsúrgang, s.s. mold, möl og grjót.
- 1.8 Öll móttaka, geymsla, brennsla og urðun óendurnýtanlegs úrgangs og spilliefna er óheimil á athafnasvæðinu. Berist á svæðið óendurnýtanlegur úrgangur eða spilliefni skal slíkt fjarlæggt án tafar.

## **2. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR**

- 2.1 Olúgeymar skulu staðsettir á þéttu jarðvegsundirlagi sem hallar þannig að olíuleki geti ekki auðveldlega breiðst út frá geymastæði. Ekki skal geyma olíubirgðir á athafnasvæðinu umfram það sem þarf til daglegra nota.
- 2.2 Ekki má geyma hættuleg efni eða spilliefni á athafnasvæðinu.
- 2.3 Allar þungavinnuvélar skulu hafa gild skoðunarskírteini.
- 2.4 Gæta skal ítrustu varúðar við alla meðferð olíu og spilliefna á athafnasvæðinu. Mengunaróhöpp skal tilkynna til heilbrigðiseftirlits.
- 2.5 Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa skal vera til staðar og starfsmenn þjálfaðir í viðbrögðum samkvæmt henni. Í viðbragðsáætlunni skal koma fram hvaða efni gætu valdið mengun, viðbrögð við viðkomandi mengun sem og nöfn og símanúmer þeirra aðila sem tilkynna skal um mengunaróhöpp sem verða.
- 2.6 Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á athafnasvæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 2.7 Allan úrgang sem fellur til við starfsemina, annan en endurnýtanlegan jarðvegsúrgang sem hægt er að nýta í landmótun og frágang á staðnum, skal flytja jafnharðan af athafnasvæðinu.



- 2.8 Ekki er heimilt að geyma á svæðinu vélar, tæki og annan búnað eða hluti sem ekki tilheyrir starfsemi þessu eða eru ekki í reglulegri notkun við efnisvinnslu og landmótun. Allan búnað og hluti sem kunna að berast inn á svæðið og eru óviðkomandi rekstrinum skal fjarlægja jafnóðum.

### 3. EIGIÐ EFTIRLIT

- 3.1 Starfsleyfishafi skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal hafa eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a. fram yfirlit yfir:
- öll tæki, vörubíla, olíutanka og þungavinnuvélar sem eru í notkun við vinnslu eða frágang á svæðinu.
  - mengunarvarnir fyrirtækisins og atvik er varða t.a.m. rekstur og viðhald á mengunarvarnarbúnaði, bilanir tækja og véla, mengunaróhöpp o.þ.h. auk viðbragða við þeim.
  - notkun, geymslu og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
  - alla farma af óvirkum endurnýtanlegum jarðvegsúrgangi sem á svæðið berast til notkunar við landmótun og frágang. Skrá skal að lágmarki nafn flutningsaðila, tegund úrgangs og mælt eða áætlað magn úrgangs.


Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.

### 4. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 4.1 Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað.
- 4.2 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði í starfsleyfi þessu. Forráðamenn fyrirtækisins skulu kynna sér þau lög og reglur sem viðkoma starfsemi fyrirtækisins.
- 4.3 Ef landmótun verður ekki lokið við lok gildistíma starfsleyfis skal sækja um endurnýjun starfsleyfis. Við lok verks skal frágangur vera fullnægjandi að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
- 4.4 Starfsemi þessi er í ISAT flokki 37.20.0.1 og greiðir rekstraraðili árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 23. júlí 2020

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

### **Bolaöldur ehf.**

kt. 610301-2740

**Hellismýri 7**

**800 Selfoss**

vegna landmótunar í starfstöð fyrirtækisins við Bolaöldur í Sveitarfélaginu Ölfusi.

#### **1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Heilbrigðisnefnd Suðurlands tók til endurskoðunar starfsleyfi Bolaöldu ehf. fyrir landmótun við Bolaöldur, Ölfusi þann 9. júní sl. sbr. símtal og tölvupóst sem var sendur í kjölfarið með drögum að starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi þar sem óskað var eftir athugasemdum af hálfu rekstraraðila, engar athugasemdir bárust.

Um er að ræða endurskoðun á starfsleyfi og var tillaga að starfsleyfi auglýst 22. júní 2020 á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is) í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnaraðara, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Ofangreint landmótunarsvæði er sýnt á yfirlitsmynd sem fylgdi með starfsleyfisumsókn í apríl 2011. Svæðið er á samþykktu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Umrætt landmótunarsvæði var stækkað í nóvember 2017 sbr. yfirlitsmynd frá verkfræðistofunni Eflu dags. í nóvember 2017. Stækkunin sem um ræðir afmarkast af brúninni vestan aðkomuvegar á núverandi jarðvegstípp og í holuna sem myndaðist við efnistökkuna fyrir 20-50 árum síðan. Þetta svæði yrði notað á veturna eða þegar ekki er fært upp á efra svæði jarðvegsmóttökunnar, en leitast verður við eftir sem áður að fylla það svæði upp fyrst samkvæmt þeim leyfum sem eru í gildi. Svæðið í heild þarf að vakta og þarf að vera þar sérstök aðgerðaráætlun verði mengunarslys vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Landmótunarsvæðið er á mörkum tveggja grunnvatnsstrauma, þ.e. Selvogsstraumi sem liggja til suðurs og Elliðaárstraumi sem liggja til norðurs. Allt neysluvatn höfuðborgarsvæðisins og nágrenni komi úr Elliðaárstraumi og neysluvatn Þorlákshafnar úr Selvogsstraumi. Þarf þess vegna að gæta sérstakrar varúðar við alla vinnu á svæðinu. Fram kemur í frummatsskýrslu frá framkvæmdaraðila að vöktun



verði í borholum á svæðinu. Framkvæmdin er háð leyfi forsætisráðuneytisins til námuvinnslu innan þjóðlendu samkvæmt lögum um þjóðlendur nr. 58/1998.

## **Umsögn skipulags- og byggingafultrúa**

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu eða starfsemi fyrirtæksins, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafultrúa um ofangreinda þætti.

### **2. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir landmótun á vegum Bolaöldu ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 22. júní sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 20. júní sl.

### **3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

### **4. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

### **5. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma. Starfsleyfið verður til kynningar og staðfestingar á 206. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem verður haldinn 18. ágúst nk.

### **6. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því



kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 23. júlí 2020

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Sigrún Guðmundsdóttir".

Sigrún Guðmundsdóttir  
frankvæmdastjóri